

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 18. mars 2020
UST202003-182/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 - Eyvindartunga

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 fyrir Eyvindartunga.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að frístundasvæðið F23 verði stækkað um 16 ha og sett inn nýtt skógræktarsvæði, um 15 ha. Einnig verður um 40 ha frístundasvæðisins F22 breytt í svæði fyrir skógrækt og verður hluti af SL4.

Laugarvatn

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Laugarvatn og er númer 741 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem stöðuvatni og votlendið umhverfis, sem að einhverju leyti er undir áhrifum frá jarðhita. Þar er gróskumikill gróður og fundarstaður sjaldgæfra jurta. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi hver áhrif tillögunnar séu ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

B-hluti

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlysingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum og því ekki verið samþykktar, en Umhverfisstofnun vill benda á svæði sem breytingin nær jafnvel til er á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) og kallast það Laugarvatn–Apavatn–Brúará. (<https://www.ni.is/greinar/su-laugarvatn-apavatn-bruara>)


Samkvæmt upplýsingum frá NÍ er forsenda fyrir valinu m.a sú að þar er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir húsendar og gulendur á veturna. Auk þess er mikið af öndum sem dvelst á ám og vötnum á fartíma, þar á meðal duggönd og straumönd.

Það er mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðanna rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B- hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur